

# THE Lion

Blað nr. 222

ÍSLENSK ÚTGÁFA



*We Serve*

Janúar / febrúar 2004

## „Skín við sólu Skagafjörður“

Bannorðið  
Boðskapur stjórnenda  
Félagslíf á Norðurlandi  
Samvinna okkar á Norðurlöndum  
Fréttir frá klúbbunum





Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar, Dr. Tae Sup-Lee skrifar:

# Nýbreytni stuðlar að friði á jörð

Frá því að markmið og siðareglur Lionsklúbba voru samþykkt á öðru alþjóðþingi hreyfingarinnar í St. Louis 1915 hefur fyrsta markmiðið hvatt okkur til „að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims“. Með þessari samþykkt hafa Lionsklúbbar gengið yfir



Dr. Tae-Sup Lee.

landamæri og stefnt ótrauðir að því að efla samhljóm meðal fólks sem býr við mismunandi tungu, siði og stjórnarmál en sem allt á þá ósk heitasta að búa í heimi þar sem friður og gagnkvæm virðing móta samskipti í daglegu lífi.

Lionsfélagar hafa sýnt það í meira en átta áratugi, að með því að hafa einkunnarorðin „Við leggjum lið“ að leiðarljósi, geta þeir með skapandi hætti rofið hindranir sem settar hafa verið upp með landamærum. Frumherjastarf í þessa veru hefur sýnt hvernig auka má alþjóðasamskipti og skilning manna á milli. Ég hvet Lionsfélaga til frekari þátttöku í þeim fjölmörgu verkefnum sem miða að því að skapa hjartari framtíð um heim allan.

Alþjóðþing og alþjóðafundur okkar eru merki um að við komum víða við. Ég hef orðið vitni að áhuganum á þessum sameiginlega tilgangi á aðalfundum og námstefnum og þeim gróskumikla félagsanda sem skapast í skrudgöngum þinga. Við getum ver-

ið fullviss um að það verður ungt fólk sem verður fulltrúar okkar í framtíðinni og verkefni eins og alþjóðauglingabúðir og unglingaskipti kennir því gildi virðingar fyrir menningu og markmiðum íbúa annarra landa. Þessi reynsla kemur ekki aðeins unglingunum til góða

sem þátt taka heldur einnig þeim sem eru gestgjafarar þeirra og stuðningsaðilar. Annað verðugt verkefni er alþjóða-veggspjaldasamkeppnin, en í henni taka þátt hundruð þúsunda unglinga á hverju ári sem endurspeglar sýn þeirra á því með hvaða hætti við getum stuðlað að friðvænlegri heimi. Áhrif þessara verkefna munu vara til fullorðinsára og hjálpa þeim til að skapa betri heim.

Í Lionshreyfingunni lesum við um verkefni þar sem tvær þjóðir hjálpast að við að koma veiku og fötluðu barni á spítala eða í endurhæfingu til meðferðar sem oft bjargar lífi þess. Ekki aðeins að þetta komi barninu til góða, heldur er þetta einnig dæmi um hlýhug og hvernig Lionsfélagar gera markmið sín að veruleika. Það er með svo mörgum hætti sem Lionsfélagar geta stuðla að bættum félagsanda og samhljómi um heim allan. Alþjóða-barmmerkjaklúbburinn er dæmi um innri áhugamál klúbbfélaga og Alþjóða- frímerkjaklúbburinn



Fjölgun kvenfélaga.

er annað dæmi. Á því sviði hafa pósthjónir metið starf Lionsklúbba með útgáfu útgáfu frímerkja í virðingarskyni.

Ég hef aðeins nefnt nokkur dæmi um hvernig Lionsfélagar höndla þá ábyrgð sem þeim hefur verið falin sem félögum í stærstu og virtustu klúbbsamtökum heims. Þeir sýna með hvaða hætti þegar allra landa hafa tækifæri til nýbreytni með það að markmiði að auka gagnkvæman skilning með íbúum heimsins. Ríkisstjórnir, með öllum sínum tilskipunum, samþykktum og samningum, hafa sínar takmarkanir. Á endanum er það undir þjóðum heims komið að

vísu á bug vantrausti og ótta sem var að hafa í sumum tilfellum um aldir.

Það hefur ekki alltaf verið auðvelt að henda reiður á heimsfriðinum og samhljómunum, en vilji og einbeiting þeirra sem jástast hafa undir þetta markmið mun gera þetta kleift. Fyrst er að líta í eigin barm og síðan út á við, án þess að taka tillit til hversu mismunandi við erum, í leit okkar að draumnum sem félagssinnað fólk hefur ávallt deilt. Það krefst frumkvæðis og áræðis og með skapandi aðkomu verða ætlunarverk okkar dæmd. Þá munum við fljótlega sjá að nýbreytni tryggir leiðina í gegn um hliðið að framtíð Lions.

Þórunn Gestsdóttir umdæmisstjóri - umdæmi 109A

## Skilaboðin skýr og krafturinn ljós

Mikill hugur er í ráðamönnum Lionshreyfingarinnar vestan hafs, sem sagt alþjóðastjórninni í Oak Brook, en þar er unnið samkvæmt útbreiðsluáætlun alþjóðaforseta T.S. Lee varðandi félagsaðildar kvenna í Lions. Nýtt embætti í umdæmunum öllum innan Lions hefur verið skilgreint



Þórunn Gestsdóttir.

sbr. grein eftir Janet McMahan hér í blaðinu. Viðkomandi embættismenn verða skipaðir til þriggja ára og er víst að þessi óplægð akur tekur breytingum á þeim tíma.

Við hér á Íslandi getum borið höfuðið nokkuð hátt hvað varðar fjölda

kvenna í hreyfingunni - en hlutfall kvenkynsfélaga í Lions á Íslandi er 23% en markmið alþjóðaforseta er að konur verði 25% félaga í alþjóðasamfélagi Lions. Þetta markmið setti hann sér að ná fyrir lok starfsársins sem er í júnílok.

Íslenskir Lionsmenn gætu sett sér það markmið að kvenkynsfélagar í Lionshreyfingunni hér á landi verði 30% um áramótin 2004/2005. Það er verðugt verkefni að vinna að.

Við þurfum að hækka félagatölu beggja kynjanna í báðum umdæmunum.

Með aðild að Lionsklúbba eru einstaklingar að leita á ný mið, í mörgum tilvikum í leit að fræðslu og félagsskap. Í Lions er leiðarljósið að leggja lið, láta gott af sér leiða. Það leiðarljós er gott fyrir hvern og einn í daglega lífinu sem og í vinnu innan síns Lionsklúbbs. Verkefni sem unnin eru innan hreyfingarinnar eru ótrúlega fjölbreytt og þarfnast flest undirbúnings, skipulagningar, áræðni, vandvirki og talsmanna sem vinna verkinu brautargengi. Í starfinu reynir á forystuhæfileika, samstarfs-hæfileika og verkhaefni. Í starfi hvers klúbbs endurspeglast samfélag einstaklinga sem starfa innan ákveðins ramma og stilla saman strengi til ár-

angurs- og leggja lið. Skilaboð okkar innan okkar samfélags og til samfélags þjóðanna eru skýr

Okkur hér á landi er ljós krafturinn í íslensku Lionsklubbunum um land allt. Við vitum að íslenskir Lionsfélagar eru að vinna að ótrúlega fjölbreyttum verkefnum og leggja fram há framlög til einstaklinga, stofnana, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa. Reyndar höfum við ekki sett merki miða á þessi verkefni og framlög okkar. En frá alþjóðastjórn Lions hafa verið gefnar upp tölur sem segja sína sögu um heildarmyndina eða stöðuna.

Framlag Lionsklúbba heimsins eru um 40 milljarðar króna eða 506 milljónir dollara á ári. Vinnustundir Lionsfélaga á ári eru um 71 milljón klukkustundir og vinnuframlagið er samsvarandi vinnu 34 þúsund einstaklinga í í heilsdagsvinnu í eitt ár.

Við vinnum gott starf - og látum gott af okkur leiða. Við ættum að fá fleiri til að njóta góðra verkefna með okkur.

# Janet McMahan skrifar frá alþjóðastjórn Útbreiðslufulltrúi kvenna

Nýleg skipun útbreiðslufulltrúa kvenna í umdæmunum er eitt mikilvægasta embættið sem stofnað hefur verið í því augnarmiði að fjölga konum í Lionsklúbbum. Þótt konur hafi verið Lionsfélagar frá 1987 og þúsundir kvenna séu félagar í dag, þá eru þær samt óplægður akur að því er Lionsaðild varðar. Útbreiðslufulltrúinn, sem skipaður er til þriggja ára, er ábyrgur fyrir umsjón, fjölgun og þátttöku kvenna í umdæmi sínu og mun vera sem hyrningasteinn að því er varðar stefnumótun umdæmisins að frumkvæði kvenna í starfi hreyfingarinnar.

## Verklýsing.

Útbreiðslufulltrúi kvenna í umdæminu er ábyrgur fyrir ýmsum verkefnum sem til þess eru ætluð að hvetja til aðildar kvenna í umdæminu. Verkefnin eru meðal annars að:

- \* Þróa og vera í forystu hóps reyndra Lionsféлага sem vinna að því að gera áætlun um fjölgun kvenna í umdæminu og koma henni í framkvæmd.
- \* Kanna möguleika á öflun nýrra féлага og verkefna innan samfélagsins.
- \* Sjá um fræðslunámskeið og útvega sérstakar leiðbeiningar að því er varðar fjölgun kvenfélaga og þróa verkefni á umdæmisgrundvelli.
- \* Hafa reglulega samráðsfundi með

umdæmisstjóra og varaumdæmisstjóra

- \* Semja greinar um þátttöku kvenna fyrir tímarit, innlend sem erlend.
- \* Hvetja til stuðnings umdæmisstjórnar og MERL-hóps við útbreiðsluáform kvenna.
- \* Láta Lionsfélögum sem vinna að þátttöku kvenna í té hvatningu og þjálfun.
- \* Hafa samráð við útbreiðslustjóra fjölumdæmis um fjölgun kvenna og þróun verkefna.
- \* Taka þátt í eins dags vinnuhópi fjölumdæmis.

## Vinna með MERL hópnum.

Góð samvinna útbreiðslufulltrúa kvenna við MERL-hóp umdæmisins er bráð nauðsynleg til að tryggja árangur. MERL-hópnum, en hann skipa m.a. félagafulltrúar, útbreiðslufulltrúar, félaganefndarfulltrúar og fræðslufulltrúar umdæma, er ætlað að koma í veg fyrir brottfall féлага og stuðla að forustuþróun ásamt umdæmisstjóra og öðrum embættismönnum, en það er óhjákvæmilegt til að tryggja vöxt og viðgang umdæma.

MERL-hópar umdæma halda venjulega fundi einu sinni í mánuði til að ræða markmið, árangur og viðhorf þeirra embættismanna sem hópinn skipa. Á fundunum gefst gott tækifæri

Rit tileinkað  
konum



til að skiptast á skoðunum. Útbreiðslufulltrúar kvenna munu fljótt komast að raun um hversu ómissandi þessir fundir eru. Þátttaka þeirra mun tryggja að MERL hópurinn sé upplýstur um starf það sem unnið er að fjölgun kvenna í umdæminu og markmið útbreiðslufulltrúa og með skoðanaskiptum skapast tækifæri til umræðu um hugmyndir og áætlanagerð. Með þátttöku munu einnig gefast tækifæri til að kynna markmiðum annarra sem fundinn sitja. Bæði MERL-hópurinn og útbreiðslufulltrúinn munu komast að raun um hversu árangursrík þessi samvinna getur verið í því starfi sem miðar að fjölgun kvenfélaga í klúbbum.

## Markmið.

Setning markmiða til að meta árangur starfsins er enn eitt veigamikil verkefni útbreiðslufulltrúa kvenna. Eitt aðal-markmiðið felst venjulega í ákvörðun um fjölda nýliða sem stefnt er að að gangi til liðs við umdæmið á ári eða hver fjöldi þeirra verður.

MERL-hópur umdæmisins er ómetanlegur skipulagsgrunnur til ákvörðunar um tímamörk og fjölgunarmarkmið þar sem fyrri reynsla hópsins kemur til góða útbreiðslufulltrúa kvenna við raunhæfa markaðssetningu.

Markmið geta einnig komið útbreiðslufulltrúa kvenna að góðum notum í samskiptum. Með því að skrifa árangur og koma þessum árangri á framfæri við aðra, í skýrslum, á fundum og í alls konar ritum, verður það hvatning fyrir Lionsfélagi til góðra verka.

## Fjölgunarleiðbeiningar.

Til að leggja lið formönnum í fjölgunarverkefnum þeirra hefur verið gefið út nýtt rit, sérstaklega tileinkað konum með heitinu „I am a Lion“ (ME-37). Hægt að fá ritið frá alþjóðaskrifstofunni með því að hringja í + (630) 571-5466, ext. 390 eða með tölvuskeyti til memberprog@ionsclubs.org.

Útbreiðslufulltrúi kvenna er órjúfannlegur þáttur í frumkvæðisstarfi kvenna í klúbbum um heim allan. Frekari upplýsingar um þetta efni má kynna sér á heimasíðu alþjóðaskrifstofu Lions eða með tölvuskeyti á sama netfang og fram kemur hér að ofan.

## Um nafnið.

Tilgangurinn með nafngiftinni „Útbreiðslufulltrúi kvenna“ er að láta verksviðið koma fram, svo ekki verði um villst. Útbreiðslustarf kvenna er augljóst. Stefnt er að því að ganga til liðs við Lionsklúbba á þessu sérstaka sviði verði með þeim árangri að ekki þurfi að hafa áhyggjur af því að félagarnir snúi baki við hreyfingunni.

## Einar Þórðarson, umdæmisstjóri 109B: Fjórða hanagal: Leggjum rækt við klúbbfundina

Klúbbfundirnir eru ankerið í klúbbnum. Þar fer fram innra starf hvers klúbbs og þar eru sameiginlegar ákvarðanir klúbbfélaga teknar. Félagum á að líða vel á klúbbfundum. Það eru þeir sem skera úr um hvort félagar vilja starfa áfram eða hætta, því ef klúbbfundir eru leiðinlegir eða óspennandi þá hverfa félagarnir.

En klúbbfundir lifa ekki sjálfstæðu lífi og góður klúbbfundur verður ekki til af sjálfu sér. Hann þarf að undirbúna og þá kemur til kasta klúbbfélaganna, að gera þá áhuga-verða. Það er lítið mál að halda leiðinlegan klúbbfund. Fljótverkasta leiðin er að formaðurinn kemur óundirbúinn og það er engin fundardagsskrá, önnur leið er að boða ekki



Einar  
Þórðarsonn.

fundinn. Það er líka lítið mál að halda skemmtilegan fund en það krefst að vísu aðeins meiri undirbúnings, t.d. með því að bjóða fyrirlesara á fundinn eða nota fundinn til að heimsækja fyrirtæki. Góður klúbbfundur þarf ekki að kosta mikið, kannski smá undirbúning, jafnvel eitt ljóð getur gert kraftaverk.

Á vefsíðu Lions International er að finna rit sem heitir „Focus on Meetings“. Þar er að finna ýmsan fróðleik sem getur hjálpað okkur að skilja hvers vegna félagar staldra svo stutt í hreyfingunni. Þar segir m.a. að kannanir sýna að 50% nýrra féлага hætta í hreyfingunni innan þriggja ára. Það jákvæða við þessar niðurstöður er að við vitum helstu ástæð-

urnar. Þessar eru langalgengastar: 1) Langir og leiðinlegir fundir. 2) Klikur og pólitík. 3) Þátttökuleysi féлага. Hér er krækja til að sækja greinina: <http://www.lionsclubs.org/EN/content/pdfs/prc3.pdf>

Könnunumst við við þetta? Já, það gerum við öll en oftast ýtum við þessu frá okkur, sérstaklega ef við erum ekki í stjórn klúbbsins. En hvað er til ráða? Við eigum að nota klúbbfundina betur, gera þá liflegri. Lesum upp kvæði og sögur á fundunum og brjótum upp fundarformið og ekki sitja alltaf í sömu sætunum. Á vefsíðu Lions í Danmörku er að finna 20 jákvæð atriði sem geta hjálpað hverjum klúbba í sínu starfi, einnig 20 neikvæð atriði sem klúbbar þurfa að varast. Farið á vefsíðuna <http://www.106.dk/> og veljið MERL í efstu línu, því þar er að finna ýmsan fróðleik.

Ég hef átt þess kost að heimsækja marga klúbba í vetur og hef farið á klúbbfundi, svæðisfundi, samfundi og afmælishátíð. Alls staðar hef ég fengið frábærar móttökur og ég hef fundið að klúbbfélagar hafa lagt mik-

id á sig til að vel takist til. Skemmst er að minnast 40 ára afmælis Lkl. Búðardals og samfundanna í Stykkishólmi og á Akureyri. Ég vil líka þakka klúbbum fyrir undirbúning og framkvæmd karlaheilsuráðstefnanna á Akureyri og Húsavík. Þarna eru fundir sem félagar koma á til að hafa gaman af og til að fræðast. Þessir fundir hafa haft tilgang sem er að taka á móti gestum, hittast og fræðst. Auðvitað eigum við að undirbúa alla fundi vel og vandlega en ekki aðeins þá fundi sem við eigum von á gestum. Leggjum því rækt við klúbbfundina þannig að félagarnir hlakki til þeirra og séu duglegir að mæta.

Að lokum vil ég benda ykkur á Dagatal Lions á [www.lions.is](http://www.lions.is) því þar er m.a. að finna lista yfir Lionsklúbba sem eiga stórafmæli í vetur, þeir eru ekki færri en 18 talsins. Mikil væri gaman að halda veglega afmælishátíð á Lionshátíðinni 29. maí sem verður í lok þinghalds á Saudárkróki. Fólki sem segir að eitthvað sé ekki hægt, ætti ekki að trufla hina sem eru að framkvæma það.



## Frá fjölmðæmisstjóra

## Rauða fjöðrin og landsþingið

Nú fer að stytast í landsöfnun okkar Rauða fjöður. Söfnunin fer fram dagana 27. mars til og með 3. apríl n.k. Núna verður fyrir komulagið þannig að óskað verður eftir frjálsum framlögum og gefendur fá í staðinn afhenta Rauða fjöður. Söfnunarbaukar verða merktir og númeraðir og sendir klúbbum í lok febrúar ásamt leiðbeiningum. Einnig verða gripir til sölu, skrautegg í tveimur stærðum og pennar merktir söfnuninni.

Sérstakt bréf verður síðan sent til klúbbanna þar sem öllu fyrirkomulagi söfnunarinnar verður lýst nákvæmlega.

Sérstök ritnefnd hefur tekið til starfa vegna Lionsblaðsins sem verður gefið út í tengslum við söfnunina. Stefnt er að því að dreifa blaðinu með Morgunblaðinu eða Fréttablaðinu.

Samið hefur verið við Landsbanka Íslands um að vera fjárgæsluadili söfnunarsjóðsins og verið er að vinna í símamálum vegna söfnunarsíma og Internetmálum vegna Internettinga og möguleika á að leggja inn á söfnunarreikning.



Hörður Sigurjónsson

Ég hvet ykkur öll til að taka virkan þátt í þessa mikla verkefni svo við getum afhent góða upphæð þeim fjölmörgu sem á þurfa að halda.

## Samfundur

Fjölmðæmisstjórinn hélt Samfund á Akureyri í glæsilegu félagsheimili Lionsklúbbs Akureyrar. Þar sem Lionsklúbburinn Ösp heldur sína fundi líka. Fundurinn var gagnlegur, skemmtilegur og mjög vel sóttur af félögum af Eyjafjarðarsvæðinu, Húsavík, Sauðárkróki og Breiðdalsvík. Á fundinum var fyrirkomulag söfnunar um Rauða fjöður kynnt af einum nefndarmanna, *Arnari Sigfússyni*, og spunnust um hana nokkrar umræður.

*Sigurður H. Sigurðsson, Lkl. Akureyrar* afhenti fjölmðæmisstjóra diskling með upplýsingum um alla umdæmis- og fjölmðæmisstjóra frá upphafi, alla klúbba í aldursröð og svæðaröð. Hafi Sigurður þökk fyrir þá miklu vinnu sem hann hefur lagt í verkið. Munum við setja þessar mikilvægu upplýsingar inn á heimasíðuna svo Lionsfélagar geti nýtt sér þær. *Jón Sigurðsson, Lkl. Sauðárkróks* minnti á Lionsþingið á Sauðárkróki næsta vor.

## Heilsufar

Seinna um daginn stóð Lionsklúbburinn Ösp fyrir Námstefnu um Karlaheilsu í Ketilhúsinu og á hana mættu um 180 karmenn en Jón Bjarni Þorsteinsson var námstefnustjóri. Fjórir lækningar á Akureyri fluttu erindi og svöruðu fyrirspurnum um heilsu karla auk þess sem Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri, flutti skemmtilegt ávarp. Ég vil þakka læknum sem tóku enga greiðslu fyrir þeirra vinnu. Og sérstaklega vil ég þakka Erlu formanni og félögum hennar í Lionsklúbbnum Ösp og Jóni Bjarna fyrir þeirra miklu vinnu við þetta verkefni.

Lionsklúbburinn á Húsavík stóð einnig fyrir námstefnu um karlaheilsu á Húsavík og tókst hún engu síður vel. Um 180-200 karlar mættu á Fosshótelinu á Húsavík og tóku virkan þátt í námstefnunni þar sem lækningar á staðnum héldu fyrirlestra og svöruðu spurningum um karlaheilsu. Ég vil þakka læknum á staðnum sem tóku enga greiðslu fyrir og félögum okkar í Lionsklúbbi Húsavíkur fyrir þeirra vinnu við verkefnið.

Það er gott þegar við getum lagt lið á þennan hátt því með því erum við að þakka fyrir þann stuðning sem okkur er alla jafnan sýndur af þjóðinni. Aðrir Lionsklúbbar hafa sýnt áhuga á að standa fyrir námstefnu um karlaheilsu í sinni heimabyggð.

## Landsþingið

Sunnudaginn 1. febrúar var góður fundur fjölmðæmisstjórnar á Sauðárkróki með Lionsfélagum í Skagafirði þar sem skoðuð var öll aðstaða sem sem í boði verður á þinginu í lok maí. Glæsileg aðstaða til þinghalds kom okkur skemmtilega á óvart.

Ég óska félögum okkar í Lionsklúbbi Skagafjarðar, Lionsklúbbnum Björk, Lionsklúbbi Hófsóss og Lionsklúbbi Sauðárkróks til hamingju með þessa glæsilegu aðstöðu um leið og ég hvet alla klúbba til að fjölmenna á þingið og á Lionsballið á laugardagskvöldið sem er opið fyrir alla Lionsfélaga óháð því hvort þeir sitja þing eða ekki. Á Lionsballinu mun Geirmundur og hjómsveit spila fyrir dansi. Það verður gaman á þinginu í vor.

Að lokum vil ég geta þess að um áramótin urðu ritstjóraskipti á Lionsblaðinu. Jón Gröndal, Lionsklúbbnum Nirði, sem ritstýrt hefur blaðinu undanfarin ár lét af störfum og þakka ég honum fyrir hönd hreyfingarinnar fyrir góð störf í lágu okkar við blaðið, um leið og ég býð nýjan ritstjóra, Ólaf Briem, Lionsklúbbnum Fjölni, velkominn til starfa.

Með Lionskveðju  
Hörður Sigurjónsson  
fjölmðæmisstjóri

## Örn Gunnarsson netstjóri spyr fréttu Heimasíðan – lions.is

Er eitthvað að fréttu frá klúbbstarfinu? Er eitthvert verkefni framundan í klúbbnum þínum? Stendur mikið til í félagsstarfinu, eitthvað sem gaman væri að kynna fyrir öðru Lionsfólki og um leið þeim sem fara inn á síðu hreyfingarinnar? Sendið þá stutta og hnitmiðaða grein inn á síðuna. Þá hvet ég Lionsfólk um allt land sem er að skrifa í staðarblöð þar sem það kynnir ýmis verkefni sem klúbburinn tekur þátt í að senda þessar greinar inn á heimasíðuna?

Netfangið hjá umsjónarmanni síðunnar er: [orng@ismennt.is](mailto:orng@ismennt.is)

Tökum öll þátt í að gera heimasíðu hreyfingarinnar að lifandi síðu.

Önnumst sölu á öllum gerðum fasteigna  
Fasteignasalan



*Puríður Halldórsdóttir, hdl., löggiltur fasteignasali,  
Aðalsteinn Torfason, sölustjóri.*

Eignir skoðaðar af manni með sérmenntun  
í húsbýggingum sem tryggir seljanda og kaupanda  
meira öryggi.

10.000,- afsláttur af sölubóknum rennur til  
LIONS hreyfingarinnar gegn framvísun  
auglýsingarinnar.

Traust í viðskiptum

Okkar metnaður er að gera betur og bjóða betur.

Símar: 5517270, 5517282 og 8933985

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík.

[hibyliogskip@hibyliogskip.is](mailto:hibyliogskip@hibyliogskip.is)

## N O R Ð U R L A N Ð

Sveinn Egilsson svæðisstjóri á svæði 7 í umdæmi 109 B

Félagslíf og verkefni  
á Eyjafjarðarsvæðinu

Ekki verður annað sagt en starfið á svæði 7 hafi verið með miklum blóma í vetur. Á Dalvík eru Lkl. Dalvíkur og Lkl. Sunna sem hafa mikla samvinnu með sér og hafa afhent sameiginlega gjafir og lagt lið í sinni heimabyggð. Klúbbarnir hafa verið mjög duglegir að senda fólk í leiðtogaskólann og skilar það sér örugglega vel í starfinu. Klúbburinn í Hrísey verður þrítugur í vor Hann hefur unnið mikið og gott starf í gegnum tíðina en á nú undir högg að sækja vegna fámennis yfir vetrartímam. Á Árskógsströnd er Lkl. Hrærekur að berjast við sama vandamál en er þó í miklu betri málum og leggur lið á ýmsan hátt á sínu svæði.

**Konur hleypa lífi í karla**

Lionsklúbbarnir þrjár á Akureyri eru mjög öflugir og hafa allir tekið inn nýja félagi í vetur. Þeir hafa gefið mjög rausnarlegar gjafir bæði, einir sér og í samvinnu við aðra. Asparkonur, sem hafa haft aðstöðu hjá Hængsmönnum, fengu tilboð frá Lkl. Akureyrar um aðstöðu sem þær gátu ekki hafnað, því þær geta þær haft aðstöðu út af fyrir sig og líka sameiginlega. Er þetta nýja félagsheimili þeirra mjög notalegt og heimilislegt heim að sækja. Var þetta gert í fullri samvinnu og með samkomulagi við Hængsmenn og eiga Asparkonur þar góða að sem endranær ef á þarf að halda. Hefur koma kvennana hleypt miklu lífi í karlana og starfa þeir nú sem aldrei áður.

Lkl. Vitaðsgjafi í Eyjafjarðarsveit



Sigurður A. Sigurðsson Lkl. Akureyri afhendir fjölumðemisstjóra diskinn með upplýsingum um alla umdæmis og fjölumðemisstjóra frá upphafi.

hefur verið með líflegu móti í vetur og má þakka það Kaupmannahafnarferð sem farin var um mánaðamótin nóv-des. Var hópurinn 25 manns með mökum og farið í fjögura daga ferð með síðust ferð Grænlandsflugs frá Akureyri. Var jólafundurinn haldinn við jólahlaðborð í Tivoli. Auk þess sem jólainnkaupin voru óspart gerð í ferðinni þá voru dagarnir líka notaðir til að skoða söfn, misáhugaverð að vísu, og söguslóðir Íslendinga gengnar undir svo lifandi leiðsögn að fólki fannst það vera á staðnum með Jónasi Hallgrímssyni, Jóni Sigurðssyni og öllum þessum Íslendingum sem þarna voru á síðustu öldum.

**Samfundurinn**

Laugardaginn 31. jan var haldinn samfundur á Akureyri og mætti „yfirlíðið“ að sunnan sem vera ber. Mjög góð mæting var á fundinum milli 30 og 40 manns. Hófst fundurinn með því að fundarmenn hófu upp raust sína í fjöldasjögum um Eyjafjörð og var kröftuglega tekið undir.

Texti og upplýsingar um lagið fylgja þessari frásögn. Bæjarstjóri Akureyrar, Kristján Þór Júlíusson, flutti ávarp um hvers virði Lions er fyrir bæinn en í máli hans kom fram að fyrirfram hefði hann ekki gert sér grein fyrir því hversu mikils virði Lions væri fyrir bæinn. Hafði Kristján aflað sér upplýsinga í aðdraganda fundarins og var niðurstaða hans sú að félagasamtök sem Lions væru nauðsynleg hverju bæjarfélagi. Hörður Sigurjónsson fjölumðemisstjóri flutti ávarp og kom fram í máli hans að Eyjafjarðarsvæðið væri einn af hornsteinum Lionsstarfsins á Íslandi. Einnig fluttu umdæmisstjórnarnir Þórunn Gestsdóttir og Einar Þórðarson ræður.

Arnar Sigfússon fulltrúi í Rauðu fjaðrarnefnd sagði frá undirbúningi landssöfnunar og að lokum voru fjörugar umræður um starfið í hreyfingunni. Asparkonur voru með hlaðið borð af kræsingum og í lok fundar tók fólk til óspilltra málanna að gera því skil.

Var þetta afskaplega fróðlegur, gagnlegur og notalegur fundur og var staðsetning og öll umgjörð hjá Lkl Akureyrar og Lkl Ösp örugglega stór hluti af því.

**Karlaheilsa.**

Eftir hádegi skunduðu síðan karlar á ráðstefnu um karlaheilsu í Ketilhúsinu sem Asparkonur skipulögðu í samvinnu við Jón Bjarna Þorsteinson heilsugæslulækni í Hafnarfirði. Bar fjöldi þátttakenda í ráðstefnunni þess glögg merki að karlmenn á Akureyri og nálægðum byggðum er mjög annt um sitt heilsufar.

**Eyjafjarðarsýn**

Ómars Ragnarssonar

Lkl. Ægi

Að sigla inn Eyjafjörðinn  
Lag: Cruising down the river  
Sungið við upphaf samfundar á Akureyri í febrúar 2004  
Lagið má heyrja á cd-diskinum „Ómar lands og þjóðar - Kóróna landsins“

Að sigla inn Eyjafjörðinn,  
það er yndislegt um vor,  
í hjörtu vedri er býr sig fugl  
við hjarg og klettaskor.

Er sólin heit í heiði  
baðar haf og dali' og fjöll.  
Í háum hamraborgum  
heilsa okkur þjóðfræg tröll.

Hrísey, fjarðardjásnið frítt,  
mót fagurgrænum dal.  
Við Múlann vaggar bátur blítt  
við bjargsins hamrasal.

Um háreist hamraskörðin  
hoppa lömb í ró og spekt.  
Að sigla inn Eyjafjörðinn,  
það er óviðjafnanlegt.

Að sigla inn Eyjafjörðinn,  
það er yndislegt um vor,  
í hjörtu vedri býr sig fugl  
við hjarg og klettaskor.

Er sólin heit í heiði  
baðar haf og dali' og fjöll.  
Í háum hamraborgum  
heilsa okkur þjóðfræg tröll.

Allir hérna afar vel  
nú una sínum hag  
á skemmtiferðaskipunum,  
sem sigla inn í dag.

Þar ferðamannahjörðin  
kyrjar hátt í ró og spekt:  
„Að sigla inn Eyjafjörðinn,  
það er óviðjafnanlegt.“



Á myndinni eru talið frá vinstri: Ingvar Þóroddsson endurhæfingarlæknir FSA, Pétur Ingvi Pétursson heilsugæslulæknir HAK, Jón Þór Sverrisson hjartasjúkdómafræðingur FSA, Valur Þór Marteinsson þvafæraserfræðingur FSA, Jón Bjarni Þorsteinsson heilsugæslulæknir, Sólvangi, Hafnarfirði og Hörður Sigurjónsson fjölumðemisstjóri Lions.



## N O R Ð U R L A N Ð

# Karlaheilsa á Húsavík

Húsfyllir var þegar Lionsklúbbur Húsavíkur stóð fyrir Karlaheilsu á Fosshóтели Húsavík 27. janúar. Fundurinn var mjög vel boðaður með auglýsingu sem var borin í hvert hús í bænum og nærliggjandi byggðum. Þá fóru Lionsmenn á kaffistofur fyrir tækja og hvöttu menn til að sækja fundinn. Það að konum var bannaður aðgangur vakti mikla athygli og var fátt um annað talað dagana á undan. Aðalhvatamaður að ráðstefnunni var Birgir Þór Þórðarson Lkl. Húsavíkur en hann ásamt Jóni Bjarna Þorsteinsyni sáu um undirbúning

Það voru á milli 180 - 200 karlmenn sem komu og hlýddu á stór-góða og fróðlega fyrirlestra. Álika ráðstefna hefur verið haldin í Reykjavík og er þetta í fyrsta skipti sem hún var haldin utan Reykjavíkur. Sigurður Þórarinnsson formaður klúbbsins bauð menn velkomna með nokkrum orðum og setti svo fundarstjórn í hendur Tryggva Finnssonar. Lkl. Húsavíkur Fyrirlesarar á ráðstefnunni voru allt læknar frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Jón Eyjólfur Jónsson reið á vaðið og talaði um hjartasjúkdóma og



„Hraustir menn“ á Húsavík.

Alzheimer. Ásgeir Böðvarsson talaði um blóð í hægðum og ristilkrabbamein. Gunnar Rafn Jónsson var með það sem hann nefndi vonir, draumar, væntingar og streita. Hallgrímur Hreiðarsson var með erindið blöðru-

hálskirtill, góðkynja og illkynja. Unnsteinn Júlíusson talaði um ristruflanir. Umræður og fyrirspurnir voru fjölmargar bæði á eftir hverjum fyrirlestri og einnig í lokin. Það var einróma állit allra sem stóðu að þess-

ari ráðstefnu að þetta hefði tekist með eindræmum vel.

Fyrir hönd Lionsklúbbs Húsavíkur  
Óskar Birgisson

## Kristján Kristjánsson, Lkl. Skagafjarðar: LIONSPINGIÐ

„Skin við sólu Skagafjörður“

Við Lionsmenn í Skagafirði vonumst til að þannig taki fjórðurinn okkar á móti þingfulltrúum Lionsþingsins í vor. Er það von okkar að þetta þing verði vel sótt og dvölin verði ánægjuleg. Á kynningarkvöldinu verður sýnishorn af skagafiskri menningu og sérstöðu. Makaferðin er í skipulagningu og er stefnt að ævintýralegrri ferð, ef veður leyfir, annars minni ferð.

Vel til fundið er að framlengja dvölinna þar sem þinghelgin er löng - hvítasunnuhelgin - og skoða Skagafjörð og njóta þess er hann hefur að bjóða áður en heim er haldið. Til afþreyingar er t.d. möguleiki á fljótasiglingum, sjóstangaveiði, siglingu í Drangey og Málmey, hestaferðum o. fl. Skagafirska safnaflóran er fjölbreytt allt frá Víðimýrarkirkju til Vesturfarasetursins. Einn er sá staður er bent skal á, en allt of fáir hafa notið, en það er Reykjarhóllinn við Varmahlíð. Hann lætur lítið yfir sér, en útsýni af honum er ótrúlega mikið. Þar er útsýnisskífa sem nafngreindir sjóndeildarhringinn og gefur

ferð þangað aukið gildi. Fyrir þá sem vilja vera óháðir veitingahúsunum má benda á bændagistingarnar og Steinsstaðaskóla, sem hafa á boðstólnum rúm (svefnpokapláss) og eldhúsafnot. Verið velkomin til Skagafjarðar. Verum hress og njótum þess að hittast og gleðjast saman.

### Þingnefndin

Þingnefndina skipa:  
Jón Sigurðsson Lkl Sauðárkróks, formaður, símar: 453.5465 og 892.1319

Verkefnastjóri er Páll Pálsson Lkl Sauðárkróks Upplýsingasími: 453.5257

Árni Egilsson Lkl Hofsóss gefur einnig upplýsingar í sama síma Anna Pála Þorsteinsdóttir, Lkl. Björk Kári Valgarðsson lkl Sauðárkróks. Kristján Kristjánsson, Lkl Skagafjarðar

### Gisting

Þinggestir þurfa að panta herbergi sjálfir og taka fram að það sé vegna Lionsþings.

### Fjölumdamisþing 28. og 29. maí 2004

#### Upplýsingar um verð

Þinggjald	Kr. 5.900.00
Hádegisverður	Kr. 1.600.00
Kaffi	Kr. 600.00
Lionshátíð	Kr. 5.500.00

### Hótelgisting:

#### Fosshótel Áning Sauðárkróki: Sími 453,6717

Tveggja manna herbergi með baði	Kr. 7.700.00
Eins manns herbergi með baði	Kr. 6.100.00
Svefnpokapláss	Kr. 3.200.00.
Morgunverður innifalinn !	

#### Löngumýri: Sími 453,8116

Tveggja manna herbergi með baði	Kr. 7.000.00
Eins manns herbergi	Kr. 4.500.00.
Morgunverður innifalinn.!	

#### Hótel Varmahlíð: Sími 453,8170

Tveggja manna herbergi með baði	Kr. 7.000.00.
Eins manns herbergi	Kr. 3.500.00.
Morgunverður innifalinn.!	

### Bakkafliót:

Símar 453 8245 og 453 8099

Tveggja manna herbergi	Kr. 7.000.00.
Eins manns herbergi	Kr. 4.800.00.
Sex manna sumarhús	Kr. 8.500.00.
Fjöguramanna sumarhús	Kr. 7.500.00
<b>Morgunverður 900 kr.</b>	

#### Gistiheimilið Mikligarður, Sauðárkróki: Sími 453 6880

Tveggja manna herbergi	Kr. 7.000.00.
Eins manns herbergi	Kr. 4.000.00.
Morgunverður innifalinn.	

#### Gistiheimilið Mælifell, Sauðárkróki: Sími 453 5265

Tveggja manna herbergi	Kr. 5.800.00
Eins manns herbergi	Kr. 3.000.00
Morgunverður ekki innifalinn.	

#### Bændagisting, Lauftún Varmahlíð Sími 453 8133

Tveggja og þriggja manna herbergi Verð pr. mann/nótt	Kr. 2.000.00
Morgunverður	Kr. 700.00

# N O R R Æ N S A M V I N N A

## Einar Þórðarsson umdæmisstjóri og Þór Steinarsson alþjóðasamskiptastjóri Lærdómsríkt Norðurlandaping



Fulltrúar Íslands, Þórunn Gestsdóttir, umdæmisstj. 109A, Hörður Sigurjónsson, fjölumæmisstjóri, Jón Bjarni Þorsteinsson fv. alþjóðastjórnarmaður, Einar Þórðarsson, umdæmisstj. 109B. Fyrir aftan þau standa Kristinn Hannesson, unglingaskiptastj., og Þór Steinarsson, alþjóðasamskiptastjóri og fulltrúi Íslands í stýrihóp NSR.

NSR, Norðurlandaping Lionshreyfingarinnar var haldið í Sandefjord í Noregi dagana 16. - 18. janúar sl. Um 130 fulltrúar frá öllum norðurlöndunum voru skráðir á þingið. Fyrir hönd Íslands sóttu þingið Hörður Sigurjónsson, fjölumæmisstjóri, Einar Þórðarsson og Þórunn Gestsdóttir, umdæmis-

stjórar, Kristinn Hannesson, unglingaskiptastjóri, Þór Steinarsson, alþjóðasamskiptastjóri og fulltrúi Íslands í stýrihóp NSR og Jón Bjarni Þorsteinsson fv. alþjóðastjórnarmaður.

Áð þessu sinni var skipulag þingsins í fyrsta sinn unnið í samvinnu allra þjóðanna fimm í gegnum stýri-

hóp sem er skipaður einum fulltrúa frá hverju Norðurlandanna, en hópurinn er undir stjórn fjölumæmisstjóra NSR. Almenn þótti þátttakendum að vel hefði tekist til með dagskrá þingsins.

Fyrri hluta föstudags voru fundir hinna ýmsu vinnuhópa innan NSR. Þar á meðal fundur fjölumæmisstjóra og stýrihóps NSR, alþjóðasamskiptastjóra, unglingaskiptastjóra, ritstjóra o.fl. Eftir hádegi voru haldnar námstefnur um Alþjóðasamskipti (IR), Unglingaskipti (YE), Félagamálefni (ME), Fræðslumál, Kynningarmál (PR) og LionsQuest. Á laugardeginum var NSR þingið haldið samhliða LEO þingi. Yfirskrift LEO þingsins var LEO í framtíðinni! Á NSR þinginu voru hefðbundin þingstörf, rætt um fjármál NSR og sameiginleg verkefni innan NSR.

Jón Bjarni Þorsteinsson hélt áhrifamikla ræðu um börn í vanda og fulltrúar Íslands afhentu dönskum Lionsfélögum um 1700 notuð gler-

augu, sem verða yfirfarin og send til Burkina Faso, en þar hafa danskir Lionsfélagar unnið að sjónverndarmálum um árabil. Norðmaðurinn Jan Holtet, sem verður næsti fulltrúi Norðurlandanna í alþjóðastjórn Lionshreyfingarinnar þakkaði fyrir þann stuðning sem hann hefur fengið frá Lionsfélögum á Norðurlöndum. Færeyskir Lionsfélagar kynntu næsta NSR þing, sem verður haldið í Þórshöfn í Færeyjum að ári.

Á laugardagskvöldinu var haldið lokahóf þar sem tækifæri gafst til að efla vináttubönd milli Norðurlandanna. Á sunnudag hélt íslenski hópurinn heim á leið eftir lærdómsrika og velheppnaða ferð. Þing sem þessi eru kjörinn vettvangur til að hitta Lionsfélaga frá hinum Norðurlöndunum, kynnst þeirra starfi og koma á vinatengslum því þarna hittist fólk sem er að vinna saman að mörgum sameiginlegum málum eins og fjölumæmisstjórar, unglingaskiptastjórar og alþjóðasamskiptastjórar.

### Þór Steinarsson alþjóðasamskiptastjóri

## Bóndabær fyrir fjölfötluð börn

### Verkefnið í Maarja þorpinu kemst á framkvæmdastig



Logo fyrir Maarja þorpið

Á NSR þinginu í Sandefjord 16-18. janúar gerði Aulis Eskola, alþjóðasamskiptastjóri Finnlands, grein fyrir stöðu mála við NSR verkefnið í Maarja Village. Þar eru norrænir Lionsfélagar að undirbúa að lyfta enn einu Grettistakinu.

En hvað er Maarja þorpið ?

Í dag er það bóndabær í suðvesturhluta Eistlands sem samtökin á bak við Maarja Kool skólann fyrir fjölfötluð börn hafa fengið til ráðstöfunar.

Í Maarja þorpinu er ráðgert að reisa 6 íbúðarhús fyrir um 65 fatlaða

einstaklinga og 25 aðstoðarmenn. Einnig að reisa félagsmiðstöð og nokkur vinnu- og verkstæðishús. Þeir sem koma til með að búa þarna eru fatlaðir einstaklingar sem lokið hafa skólagöngu í Maarja Kool skólann en eiga eftir að fá einhverja starfsþjálfun og þjálfun í að annast stig sjálfir miðað við getu hvers.

Í Maarja þorpinu er gert ráð fyrir að íbúarnir geti að mestu séð fyrir sér sjálfir með því að rækta grænmeti og ávexti, alið kýr, svín og hænsn. Eins verða þarna verkstæði til að smíða ýmsa hluti úr tré. Maarja þorpið hefur fengið afnotarétt af stóru skóglendi umhverfis bóndabæinn og má selja afurðir úr skóginum.

Undanfarna mánuði hafa finnskir Lionsfélagar unnið að því að koma verkefninu af stað. Búið er að hanna húsin sem á að byggja og verið að fá tilboð í framkvæmdir. Einnig er verið að ljúka samningum milli NSR og Stiftelsen Maarja Village um fjárhagslega aðkomu hvers aðila fyrir sig.

Í heild sinni er gert ráð fyrir að kostnaðurinn við heildar verkefnið



Gamli bóndabærinn sem verður miðstöðin í Maarja þorpinu.

verði um 11 milljónir sænskra króna. NSR mun leggja til 1 milljón og sænskir Lionsfélagar 1 milljón. Þar með verður hægt að reisa 2 af 6 íbúðarhúsum á svæðinu. Eins er fyrirhugað að sækja um styrk til LCIF vegna verkefnisins.

Þar sem Maarja þorpið er sjálfs-

eignarstofnun hefur hún gert þjónustusamning við félagsmálaráðuneytið í Eistlandi um greiðslu daggjalda fyrir íbúa þorpsins. Ásamt þeim tekjum og tekjum af sölu trjáa úr skóglendi umhverfis þorpið er gert ráð fyrir að daglegur rekstur þorpsins verði tryggður.



# Þór Steinarsson alþjóðasamskiptastjóri skrifar: Baldzio Silas verkefnið

## Bygging endurhæfingarmiðstöðvar á lokastigi

Á NSR þinginu í Sandefjord 16–18. janúar gerði Flemming Meyer, alþjóðasamskiptastjóri Danmerkur, grein fyrir stöðu mála við NSR verkefnið í Baldzio Silas. Með þátttöku sinni hafa norrænir Lionsfélagar lyft Grettistaki í Baldzio Silas.

NSR hefur veitt beint um 1 milljón SEK til verksins en heildarupphæð verksins er um 1 milljón evra. Því lætur nærri að NSR hafi lagt til um 15% af fjármagni til verkefnisins. En með frumkvæði sínu hafa danskir Lionsfélagar undir stjórn Flemming Meyer núverandi alþjóðasamskiptastjóra þeirra og Asger Thomsen fyrrverandi alþjóðasamskiptastjóra dregið að sér samstarfsaðila m.a. yfirvöld í Litháen, lionsklúbba í Danmörku, Noregi og Íslandi og LCIF og þannig aukið umfang verkefnisins.

Nýverið sýndi t.d. Lkl Muninn stuðning sinn með því að taka að sér að fjármagna tvö smáverkefni í Baldzio Silas fyrir um 50.000,- ÍKR. Kann ég þeim mínar bestu þakkir fyrir framlagið.

Margt hefur verið ritað um Baldzio Silas í blöðum í Litháen og læt ég hér fylgja með danska þýðingu á upphafi greinar sem birtist í dagblöðum í Litháen á síðastliðnu ári.

### LIONS NORDEN STØTTER DE HANDIKAPPEDE I „BALDZIO SILAS“

*Det er så dejligt, at i vores verden, hvor alting vurderes i litas, euro og dollars, findes der nogle rige mennesker, der gerne bruger både sin tid og sine penge for at hjælpe dem, som er mindre heldige i livet.*

*Et eksempel på sådan ædelhed og uselvished kan man finde i genoptæningscenter „Baldzio silas“.*

og síðar í greininni segir

*Lions klubber i de nordiske lande er sammensluttet til en Lions Norden klub. Medlemmerne af denne er netop velgørere for „Baldzio silas“. Seks „løver“ besøgte „Baldzio silas“ i slutningen af september - de gik rundt og kiggede på de hyggelige stuer og ergoterapihallen, spadserede langs søen og kiggede ind i fyrhuset, der var ude af drift. Dengang blev der truffet beslutning om at fortsætte med at bygge en kinezioterapihal med et svømmebad, at renovere køknet og den tredje bygning.*

*Rige mennesker vil ikke bare smide*

*pengene ud. „I starten kom vi med en del brugt hospitalsudstyr og da vi først stiftede nærmere bekendskab med projektet, besluttede vi at hjælpe at virkeliggøre det. Vi fandt en arkitekt i Danmark, som lavede udkast. Derefter mødtes vi med socialministeren Vilija Blinkevi\_i\_t og viste hende vores projekt. Da ministeren bifaldt vores idéer, gik vi i gang med at skaffe penge til det,“ fortalte F. Meyer om begyndelsen af samarbejdet. Han påpegede til journalister, at „Baldzio silas“ både gennemfører projektet og udfører alt praktisk arbejde, hvorimod Lions Norden støtter med penge, råd og idéer*

NSR mun ljúka sínum hluta verkefnisins í júní næstkomandi en í heild sinni mun verkefninu ljúka á haustmánuðum 2004. Þá verður risinn síðasti hluti endurhæfingarmiðstöðvar fyrir einstaklinga sem vegna



Einstaklingar sem hafa hlotið þjálfun á Baldzio Silas

slysa og sjúkdóma t.d. slasast á baki eða fengið heilablæðingu hafa skerta hreyfigetu. Flestir þeirra verða að nota hjólastól. Komin verður þjálfunarlau og rými fyrir margvíslega þjálfun. Innangengt verður milli allra bygginga.

Nokkrir klúbbar hafa lagt Baldzio Silas verkefninu lið með þátttöku í svokölluðum smáverkefnum nú síðast Lkl Muninn sem fjármagnar kaup á tæki til vöðvaþjálfunar og kaup á þjálfunarbekk og stól.

## Gleraugnasöfnunin Sjónvernd í Burkina Faso



Þór Steinarsson, alþjóðasamskiptastjóri afhendir Flemming Buhl gjafabréfið ásamt upplýsingum um að gleraugun fari með Jónar Transport til Árósa.

Á NSR þinginu í Sandefjord 16–18. janúar afhenti Þór Steinarsson, alþjóðasamskiptastjóri, Flemming Buhl frá Danmörku gjafabréf fyrir hönd íslenskra Lionsfélaga með tilkynningu um afrakstur gleraugnasöfnunar sem fram fór fyrir júl 2003. Alls söfnuðust um 1650 gleraugu.

Margir klúbbar lögðu söfnunni

lið, sérstaklega félagar í Lkl Kópavogs sem brugðust mjög vel við beiðni alþjóðasamskiptafulltrúanna Þórhildar Gunnarsdóttur Lkl Eir og Jóns Bjarna Þorsteinssonar Lkl Mosfellsbæjar og undirritaðs um að safna saman notuðum gleraugum. Klúbburinn safnaði nærri 1500 notuðum gleraugum. Aðrir klúbbar sem lögðu söfnuninni lið voru Lkl. Eðna, Lkl

Fold, Lionessklúbbur Keflavíkur, Lionsklúbbarnir á Akureyri, Lkl Patreksfjarðar og Lkl Seyðisfjarðar.

Að þessu sinni nutum við aðstoðar Jónar Transport við að flytja gleraugun til Árósa í Danmörku. Alls fóru 10 kassar sem voru um 93 kg að þyngd.

Gleraugun fara til Burkina Faso í vestur Afríku en þar hafa danskir Lionsfélagar unnið að sjónvernd m.a. með augnaðgerðum og með því að gefa A-vítamín.

Þetta er enn ein sönnun þess að Lions leggur lið og að með því að sameina krafta Lionsfélaga í nokkrum klúbbum eða milli landa eykst styrkur aðstoðarinnar.





# Lionsklúbbur Grundarfjarðar: Kastalar, rómverskur leikvangur og vínsmökkun

Það var á fundi í mars 2003 sem ferða- og skemmtinefnd Lionsklúbbs Grundarfjarðar kynnti fyrir félögum dagskrá ferðar til Þýskalands 12. - 19. október. Vínsmökkunarferð hét hún þessi ferð. Ferðanefndin gaf félögum örfáa daga til að skila skráningarblaði í ferðina og viti menn, langflestir klúbbfélagar ætluðu með. Þá var ekkert annað eftir en að fara að safna fyrir ferðinni. Í þeim tilgangi tóku Lionsfélagar að sér verkefni af ýmsum toga eins og að elda mat, afgreiða á bar, safna dósnum og ýmislegt fleira. Allt þetta varð að greiðslu upp í ferðina. Þá notfærðu margir sér þá leið að leggja mánaðarlega einhverja upphæð inn á reikning og fyrr en varði var komið haust og þann 12. október var hópurinn, 27 manns, mættur snemma dags í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það þótti ástæða



Á siglingu niður eftir ánni Mósél. Gulu treflarnir vöktu mikla athygli, en það formaður klúbbsins Hulda Vilmundardóttir sem færði öllum félögum trefla að gjöf áður en lagt var upp. Hinn háguli litur gerði það að verkum að Lionsfélagar sáu til hvers annars af löngu færi.

til að skála fyrir þeim áfanga, en þar sem vínsmökkun var ekki hafin skáluðu flestir í vatni. Flogið var síðan rakkleitt til Frankfurt þar sem fararstjórinn Friðrik G. Friðriksson tók á móti hópnum ásamt bílstjóranum Magnúsi. Þaðan var svo ekið rakkleitt sem leið lá í Móseldalinn og auðvitað beint á vínhátíð. Þar var mikil stemming í stóru tjaldi þar sem gafst kostur á að smakka á vínframleiðslu þessa mikla vínræktarhéraðs og þarna í tjaldinu beinlínis flæddi hvítvínið ýmist af flöskum eða úr krana. Um kvöldið var gíst í Trier sem er ein elsta borg Þýskalands með borgarmúr og byggingum frá tímum Rómverja fyrir 2000 árum. Næsta dag var farið í rútunni okkar til Bernkastel en þaðan siglt niður eftir Mósél um skipastiga að smábæ þar sem vínbóndi, gamall vinur Friðriks, tók á móti okkur og sýndi

hvernig vínið væri framleitt og geymt. Sumum þótti ekki þrífalegt í kringum þessa framleiðslu en Friðrik fullvissaði okkur um að hreinlætið væri á hæfilegu stigi til þess að víngerðin næði hámarksárangri og það fannst okkur líka þegar við förum að smakka á framleiðslu bóndans. Þó nokkrir í hópnum höfðu á orði að gaman væri að gerast vínbóndi þarna ytra, en Friðrik fræddi okkur á því að það væri ekki hlaupið að því að ná sér í skika. Þriðji dagurinn var frjál í Trier og notaður til þess að skoða borgina, röлта í verslanir og kíkja á öldurhús.

## Til Freiborgar

Trier var kvödd með nokkrum söknuði, sérstaklega hótelið sem var stórglæsileg. Þar var gott að vera, kvöldvökur, gítarspil og söngur á

hverju köldi. Áður en við ókum út úr borginni var keyrt upp í hæðir við borgina þaðan sem sjá mátti niður á fornan rómverskan leikvang þar sem mönnum var til forna att gegn óargadýrum. Freiburg í Svartaskógi var næsti áfangastaður og þangað komið



Hópurinn saman komin eftir Íslandsveisluna uppi á „Keisarastólum



Hópurinn saman komin eftir siglinguna hjá vínbóndanum. Friðrik fararstjóri lengst til vinstri flytur Lionsfélögum víngerðarsannindi.

seinnipart dags. Friðrik fararstjóra þótti ástæða til að vara okkur við því að hótelið sem við myndum gista á til loka ferðarinnar væri ekki í sama klassa og hið fyrra í Trier. Þar hefðum við notið þess að um kynningarátak hefði verið að ræða. Þar sem við vorum þannig vel undirbúin voru flestir ánægðir en sumir fengu víst aldrei neinn hita á herbergin sín annan en líkamshita. Það var kominn fimmtudagur 16. október og hann notaður til að aka um Svartaskóg. Þar var ekið fram hjá stöðuvatni einu í stórum dal en ofan í þessu stöðuvatni var víst að finna heilt þorp sem sökkt hafði verið vegna virkjunarframkvæmda. Daginn eftir var haldið yfir landamærin til Frakklands, í Elsashérað, þar sem við heimsóttum víngerðarverksmiðju sem starfaði í sönnum kaupfélagsanda. Vínræktarbændur komu hundruðum saman með vínberin sín og lögðu inn í verksmiðjuna. Þarna var allt mjög stórt í sniðum og ekki virtist hreinlætið þarna hafa áhrif á

bragðið því hvítvínið smakkaðist mjög vel. Reyndar komu margir af fjöllum þegar smökkunin byrjaði, töldu að úr því við værum komin til Frakklands fengjum við að smakka rauðvín og ein ágæt Lionskona í hópnum var svo sannfærð að hún sagði stundarhált þegar hún horfði á vínið í staupinu hjá sér, „er rauðvínið svona ljóst hérna?“.

## Keisarastóllinn

Næsti dagur var frjál í Freiburg og notuðu þá sumir tækifærið til að kíkja í verslunarmiðstöðvar, aðrir fóru með kláfferju upp í fjall og fengu sér öl og enn aðrir röltu um í nágrenni hótelsins. Seinnipart dags var síðan komið að því að halda íslendingadag. Var þá ekið upp á fjall í nágrenninu sem á íslensku var kallað Keisarastóllinn. Þegar upp var komið voru dregnar fram rammíslenskar kræsingar, harðfiskur, hákarl og íslenskt brennivín. Var þarna skálað fyrir einstaklega vel heppaðri ferð, tekin hópmynd og þar næst ekið til kvöldverðar í nágrenninu.

Eftir kvöldverðinn fór hópurinn saman á vínhátíð í næsta nágrenni en þar var heil hljómsveit í einum skemmtara og þýskarinn söng með af hjartans list. Fannst þá fólki tími til kominn að bregða undir sig dansfótum um stund en um síðir var ekið heim á hótél og morguninn eftir áleiðis til Frankfurt og flogið heim á ný. Það var samdóma álit félaga að þessi ferð hefði heppnast einstaklega vel og þjappað félögum vel saman.

Gunnar Kristjánsson fv. umdæmisstjóri og blaða- og ljósmyndafulltrúi Lionsklúbbs Grundarfjarðar.



# Orðsending frá Landsnefnd um Rauða fjöður: SÖFNUN FYRIR LANGVEIK BÖRN

## DAGANA 27. MARS TIL OG MEÐ 3. APRÍL NK.

Landsnefnd um Rauða fjöður var stofnuð í haust en hana skipa Kristján Kristjánsson Lkl. Tý, formaður, Kristinn Guðjónsson Lkl. Víðarr, Margrét Svavarsdóttir Lkl. Kaldá, Ólafur Vilhjálmsón Lkl. Ásbirni, Reynir Kristjánsson Lkl. Kópavogs, Daniel Björnsson Lkl. Muninn og Arnar Sigfússon Lkl. Hæng. Hefur nefndin unnið að undirbúningi fyrir Landsöfnun Lionshreyfingarinnar undir merkinu Rauð fjöður sem fer fram dagana 27. mars til og með 3. apríl n.k.. Söfnunin að þessu sinni verður helguð málefni „Langveik börn“.

Markmiðin með söfnuninni er þrjúþætt:

### Að safna fé til líknarmála

### Að styrkja ímynd Lions

### Að styrkja samkennd félaganna

Fyrirhugað er að safnað verði eftir fimm leiðum þar sem Lionsklúbbarnir spila stórt hlutverk í fyrstu tveimur leiðunum en geta líka látið að sér kveða í leið þrjú.

### Leið 1:

Lionsmenn eða aðilar á þeirra vegum ganga í hús með bauka og taka þannig við framlögum. Þeir gefa um leið rauða fjöður í þakklætisskini.

### Leið 2:

Lionsmenn selja muni í fyrirtækjum.

### Leið 3:

Með framlögum styrktaraðila til að standa undir útlögðum kostnaði t.d. við hluta af auglýsingum eða ef lionsmenn þurfa á aðstoð að halda við að ganga í hús.

### Leið 4:

Safnað verður í gegnum netið með auglýstum bankareikningi.

### Leið 5:

Safnað verður með auglýstum söfnunarsímanúmerum með mismunandi upphæðum.

Félögum sem styðja málefni langveikra barna ásamt lionsklúbbunum verður síðan gefin kostur á að sækja um framlög vegna verkefna sem tengjast langveikum börnum.



Landsnefndin. Frá vinstri eru: Kristinn Guðjónsson, Lkl. Víðarri, Reynir Kristjánsson, Lkl. Kópavogs, Arnar Sigfússon, Lkl. Hæng, Rauðufjaðrafulltrúi B umdæmis, Kristján Kristjánsson, Lkl. Tý, Rauðufjaðrastjóri fjöllumdæmis, Margrét Svavarsdóttir, Lkl. Kaldá Daniel G. Björnsson, Lkl. Muninn, Rauðufjaðrafulltrúi A umdæmis, Ólafur Vilhjálmsón, Lkl. Ásbirni.

# Krafturinn í Kópavogi



Myndin er af einum söfnunarkassanum en hjá honum standa frá vinstri: Sveinn Ingason formaður, Sigtryggur Sigtryggsson gjaldkeri, Sigurjón Arnlaugsson ritari og Pétur Sveinsson blaðafulltrúi.

Starfið hjá okkur í Lionsklúbbi Kópavogs hófst af miklum krafti í september. Fyrsta verkefni klúbbsins var að sjá um árshátið fyrir starfsfólk Húsasmíðjunnar, en þetta verkefni var í samvinnu við Lionsklúbbana Muninn og Ýr.

Við erum búnir að taka inn 3 nýja félagi það sem af er starfsárinu (4 á síðasta ári). Einnig tókum við þátt í gleraugnasöfnuninni sem haldin var á vegum Lions- hreyfingarinnar. Sérstakir söfnunarkassar voru smíðaðir fyrir verkefnið og þeim komið fyrir í Byko og Nóatúni. Einnig var mót-taka á gleraugum í Smáralind. Samtals söfnuðust 1424 gleraugnapör

sem hafa nú þegar verið send til Danmerkur.

Framundan eru fleiri skemmtileg verkefni. Miðvikudaginn 25. febrúar nk. verður haldið hagyrðingakvöld í Lionssalnum Lundi að Aubrekku 25 í Kópavogi, þar sem hagyrðingar úr ýmsum áttum koma saman og yrkja lausavisur. Stjórnandi samkomunnar verður Kristján Hreinsson, skáld. Nánari upplýsingar um hagyrðingakvöldið gefur undirritaður.

Pétur Sveinsson blaðafulltrúi,  
Furugrund 56, 200 Kópavogur  
S: 554-2499 GSM: 866-9640

## STAFRÆN FRAMKÖLLUN.....

.....Hagstætt verð

filmurogframkollun.is

## Rauð fjöður

## TÖKUM ÖLL VIRKAN ÞÁTT

Um leið og ég vil þakka ykkur fyrir samstarfið á síðasta starfsári vil ég upplýsa ykkur um að J. Frank Moore, formaður LCIF, alþjóðahjálparsjóðs Lionshreyfingarinnar, sendi mér viðurkenningu fyrir framlög klúbba í A umdæminu í LCIF sjóðinn. Framlöggin hafa aukist um meira en 5% frá klúbbum í umdæminu miðað við fyrri ár. Að sjálfsögðu er þetta ekki mér að þakka, heldur ykkur. Þetta sýnir mér að þið hafið hlustað á það sem ég var að segja í heimsóknnum mínum til ykkar þegar ég var að benda á hvað það væri mikið sem við sem í heild gætum gert fyrir



Daniel G. Björnsson.

samfélagið og þá sem á hjálp okkar þurfa að halda hvar sem þeir væru.

Því hvet ég ykkur til að taka þátt í því verkefni sem framundan er af sama dugnaði og þið gerðuð á síðasta ári með framlögum í LCIF sjóðinn en það er Rauðu fjaðrarsöfnunin.

Ég tók að mér að vera fulltrúi umdæmisins 109 A á þessu starfsári í Rauðu fjaðrarsöfnuninni en nefndin hefur ákveðið að helga söfnunina langveikum börnum. Eins og þið vitið þá verður Rauðu fjaðrar landssöfnunin haldin í vor nánar tiltekið dagana 27 mars til og með 3

apríl. Stjórnir klúbbanna hafa fengið bréf frá nefndinni og kynnt það fyrir félögum klúbbanna þar sem kemur fram hvaða leiðir við förum í þessari fjárföflun. Leiðir þessar eru kynntar í orðsendingu Landsnefndar um Rauða fjöður hér í blaðinu en til áréttingar bendi ég sérstaklega á tvær fyrstu leiðirnar sem mestu máli skipta klúbbanna og félagana í þeim, en ef einhverjir Lionsfélagar geta aflað styrktaraaðila samkvæmt lið þrjú þá er það vel þegið af nefndinni.

1: Lionsfólk eða aðilar á þeirra vegum ganga í hús með bauka og taka við framlögum. Þeir gefa um leið rauða fjöður í þakklætisskyni.

2: Lionsfólk selur muni í fyrirtæki.

#### Fyrirkomulag söfnunar

Hvað varðar lið eitt í söfnuninni þá geta Lionsklúbbar fengið íþróttafélög, ungmennafélög eða skólafólk til að ganga í hús fyrir sig og greitt þeim fyrir en tryggja verður að þetta fólk sé komið yfir fermingaraldur. Þá er það alveg á hreinu að þær greiðslur koma ekki af söfnunarfénu heldur verða klúbbarnir að leggja það til sjálfir og geta sagt að það sé framlag til söfnunarinnar.

Til að þátttakan megi verða sem best þurfa klúbbarnir að skipa Rauðu fjaðrarfulltrúa eða að stjórnin taki það verkefni að sér. Skipuleggja þarf söfnunina vel hver á sínu svæði og tryggja að allir taki þátt í verkefninu og að munir sem til sölu eru, verði



boðnir í öllum fyrirtækjum og stofnunum á hverjum stað fyrir sig.

Eins og kom fram í bréfi til klúbbanna frá 6. janúar sl. frá nefndinni verða baukarnir sendir til klúbbanna. Sérstakar leiðbeiningar um meðferð og skráningu verða sendar með.

Þeir verða merktir og númeraðir og verður skráð hvaða númer hver klúbbur fær og verður að standa skil á öllum baukum aftur hvort sem þeir eru með framlögum eða ekki.

Að endingu, kærur Lionsfélagar um allt land, þá hvet ég ykkur til að taka þátt í þessari 8. söfnun rauðar fjaðrar Lionshreyfingarinnar á Íslandi.

Með Lionskveðju

Daniel G. Björnsson

PDG og Rauðu fjaðrar fulltrúi 109 A.

### Minning:

## Haukur Ingason

Haukur Ingason fæddist á Ísafirði 15. desember 1930 og andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans 28. október 2003. Haukur var félagi í Lionsklúbba Njarðvíkur um 40 ára skeið. Haukur var mjög virkur félagi og mætti vel og tók mikinn þátt í öllu starfi bæði á fundum og í



Haukur Ingason.

störfum að líknarmálum. Allsstaðar þar sem Haukur var í hópi vöknudu upp liflegar umræður og sögur af eftirminnilegum mönnum og atburðum voru rifjaðar upp. Hann var einn af meiri ferðagörpum þessa lands og byrjaði að skipuleggja ferðir á sjöunda áratugnum um allan heim. Hann var því sjálfkjörinn í ferðanefnd Lions og skipulagði hann flestar ferðir okkar utanlands sem innan. Það var virkilega gaman að vera með Hauki við undirbúning slíkra ferða því hann smitaði svo út frá sér áhuga og tilhlökkun. Allar ferðir sem hann stjórnaði voru skipulagðar út í minnstu smáatriði. Ferðatilhögun lá fyrir tímanlega og allt sem taldist vera áhugavert var prentað út og sent hverjum manni. Ef um var að ræða ferðir utanlands kallaði hann þá sem ætluðu í ferðina á kynningarfund og man ég þar sérstaklega eftir einni ferð til Skotlands. Þar var myndasýning

fyrir ferðina þar sem allir áfangastaðirnir voru kynntir fyrirfram og fólk íð ræddi um ferðina sín á milli. Þetta skapaði auðvitað mikla stemningu fyrir ferðinni enda heppnaðist hún afskaplega vel. Þetta var dæmigert fyrir vinnubrögð Hauks ekki bara í skipulagningu ferða heldur störfum hans almennt. Það er skarð fyrir skildi þegar slíkir menn hverfa yfir móðuna miklu en það er huggun harmi gegn að menn eins og Haukur skilja mikið eftir sig til að minnast og læra af.

Haukur kvæntist Sigríði Aðalsteinsdóttur frá Bæjum í Ísafjarðardjúpi, mikilli sómakonu, en hún lést 19. maí 1996. Þau eignuðust fimm börn en auk þess ólu þau upp einn dótturson sinn. Eftir lát Sigríðar hóf Haukur kynni við Guðrúnu Guðmundsdóttur, gamla skólasystur frá Ísafirði og tókst með þeim mikill vinskapur.

Við í Lionsklúbba Njarðvíkur kveðjum góðan féлага með söknuði og þökkum honum mikið og óeigingjarnt starf. Jafnframt vottum við ættingjum hans og vinum okkar dýpstu samúð. Megi guð blessa minningu Hauks Ingasonar.

Lionsklúbbur Njarðvíkur  
Kristján Pálsson

**LUNDUR**  
FASTEIGNASALA  
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík

Jóhannes Ásgeirsson hdl., löggiltur fasteignasali

heimasíða: [www.lundur.is](http://www.lundur.is)  
netfang: [lundur@lundur.is](mailto:lundur@lundur.is)  
sími 533 1616 fax 533 1617



KB BANKI



# Friðarveggspjaldakeppnin 2003



Á myndinni eru vinningshafinn, Dagný Björk Stefánsdóttir, ásamt svæðisstjóra á svæði 4 Guðmundi Guðmundssyni félaga í Lkl. Selfoss. og menningarfulltrúa 109 A Jórinni Guðmundsdóttur Lkl. Ýr Kópavogi.

Um mörg undarfarin ár hefur Lionshreyfingin á Íslandi tekið þátt í Friðarveggspjalda-samkeppni alþjóðahreyfingarinnar, en keppnin var nú haldin í sautjanda sinn.

„Sköpum bjartari framtíð“ var þema keppinnar í ár. Fengu allir svæðisstjórar bréf um að fá einn skóla á sínu svæði til að taka þátt í keppninni en skilafrestur var til 15. nóvember 2003. Aðeins tveir skólar skiluðu verkefninu, en þeir eru Vallaskóli á Selfossi og Álftanesskóli í Bessastaðarhreppi, báðir í umdæmi 109 A. Umsögn um verkin gáfu Erla Sigurðardóttir og Borghild Edwald báðar í Lkl. Ýr í Kópavogi en þær eru menntaðar frá Myndlista og handiða-

skóla Íslands og er Erla sjálfstætt starfandi listamaður. Nafn vinningshafans er Dagný Björk Stefánsdóttir í 8. OB bekk Vallaskóla Selfossi og var verkeið sent í alþjóðakeppni Lionshreyfingarinnar í Oak Brook. Fyrir 1. febrúar ár hvert á að vera búíð að velja vinningsmyndina og tilkynna vinningshafanum um það. Viljum við þakka öllum sem að þátt tóku í verkefninu og óska þeim góðs gengis í framtíðinni.

Jórunn Guðmundsdóttir,  
menningarfulltrúi 109 A  
Sigrún Elíasdóttir,  
menningarfulltrúi 109 B.



Vinningsmyndin í ár.

## Skilaboð frá fræðslustjóra

Skilaboð til NÝRRA FÉLAGA  
Nýliðanámskeið: 9. mars 2004



### HVAÐ ER LIONS? „Lionsfjölskyldan“

#### Námskeið fyrir

- nýja, nýlega eða væntanlega félaga, ásamt meðmælanda eða öðrum klúbbfélaga,
- félaga sem vilja rífa upp, halda sér ferskum og fylgjast með því sem er að gerast í Lions,
- félaganefndir og aðra Lionsfélaga sem vilja geta gefið upplýsingar um hreyfinguna og setti nýja félaga inn í hlutina,
- maka og fjölskyldur félaganna, sem vilja kynna hreyfinguna og hvað hún hefur upp á að bjóða.

#### ALLIR VELKOMNIR

**Efni:** Fræðsla um sögu, uppbyggingu, markmið og verkefni Lions, sem er stærsta þjónustuhreyfing í heimi. Hvernig vinnum við með ungu fólki á Íslandi? Hvað getur Lionshreyfingin gert fyrir þig og þína fjölskyldu?

**Kennari:** Kristinn Hannesson, unglingaskiptastjóri  
**Tími:** Þriðjudagur 9. mars 2004 kl. 20:00-22:00.  
**Staður:** Lionsheimilið, Söltúni 20, Reykjavík.

**Aðrir staðir á landinu:** Tími og staður eflir samkomulagi.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á Lionskrifstofu s. 561-3122, fax 561-5122, netfang: lions@lions.is EDA  
fræðslustjóra fjölskyldu: Hrud Hjaltdóttir sími 566-7686 hrudh@itn.is

Skilaboð til FÉLAGANEFNDAR

Eitt af meginhlutverkum félaganefndar er að sjá til þess að félögum líði vel í klúbbum og að þeir séu vel upplýstir um Lionshreyfinguna.

Félaganefnd vinnur að félagaþögn og fræðir nýja félaga um Lionshreyfinguna og um klúbbin, sem þeir eru að ganga til liðs við.

Það er mikilvægt að fá inn nýja félaga, til að klúbburinn endurnýst, styrkist og verði betri en áður. Með nýjum félögum koma ferskir vindar.

Til að nýjum félögum líði vel, skjóti rötum og blómstri í klúbbum, þarf að sýna þeim meiri umhyggju en þeim eldri, sem eru orðnir rótrónir í klúbbum.

Til að nýir félagar styrki klúbbin og bæti starfið, þurfa þeir að þekkja vel til Lionsstarfsins, vera vel að sér m.a. um sögu, uppbyggingu, verkefni og markmið Lionshreyfingarinnar.

Góð leið til að byggja upp nýja félaga er að senda þá á námskeið fyrir nýliða, Hvað er Lions? - „Lionsfjölskyldan“

Áriðandi er að einhver úr félaganefndinni sækir námskeiðið með nýliðanum.





Pór Steinarsson, alþjóðasamskiptastjóri:

# Sjúkrarúm og hjólastólar

Í söfnunargám okkar Lionsfélaga í Sóltúni safnast stöðugt mikið magn af margvíslegum hjálpargögnum t.d. sjúkrarúm, náttborð, hjólastólar, göngugrindur, fatnaður o.fl.

Félagar í Lkl Vála hafa verið iðnir við að halda utanum þessu hluti og í nóvember síðastliðinn fylltu þeir einn 20 feta gám með varningi sem sendur var til Vilnius í Litháen. M.a. 4 sjúkrarúm, 1600 flíspeysur, um 120 pör skóm, 8 rúmbotnar, 9 hjólastólar o.fl. Verðmæti þessa varnings var yfir 10 milljónir króna. Þessir hlutir nýttust vel skjólstæðingum Vilnius Social Security System (VSSC). Oft segja nokkur orð meira en löng ræða og læt eg fylgja hér skeyti sem barst frá framkvæmdastýru VSSC eftir að þau höfðu móttækið gáminn í nóvember 2003.

Dear Thor,

We appreciate very much great and huge work The LIONS CLUB of Iceland and you personally are doing to help Vilnius people in need.

It's great help for Vilnius people on Christmas eve. God bless you!

Thank you very much.

Angele Cepenaite



Fjölumdamisstjóri: „Komiði með annan gám, þessi er orðinn fullur.“

Við höfum undanfarið notið góðrar aðstoðar Eimskipafélags Íslands og samstarfsaðila þeirra Kursio line við flutninginn til Litháen en þrátt fyrir það er þó nokkur kostnaður við þessa flutninga. Í Vilnius fer þess

varningurinn til félagsmálastofnunar Vilniusborgar sem sér um að dreifa þessum varningi til stofnana og einstaklinga.

Nýlega fór svo 40 feta gámur með margvíslegum varningi m.a. 31

hjólastóll, 163 göngugrindur, 17 sjúkrarúm, 100 hækjur, 10 kassar af varahlutum í hjólastóla og margvíslegur varningur frá Austurbakka og A Karlssyni á einum 8 vörubrettum.

Lionsklúbbur um land allt hafa lagt þessu verkefni lið með því að leggja fé inn í Verkefnasjóð Lionsumdæmis 109 reikningsnúmer 1101-18-641540, kennitala 640572-0869, merkt nafni klúbbs og AÐSTOÐ VIÐ VILNIUS.

Munið orðtiltækið „Margt smátt gerir eitt stórt“, ef hver klúbbur leggur til 7.500 kr þá safnast 660.000 kr í Verkefnasjóðinn okkar.

Vil ég skora á Lionsklúbba um land allt að athuga hvort ekki finnst nokkrir þúsundkallar í verkefnasjóði til að styðja við þetta verkefni okkar. Jafnframt vil ég þakka þeim fjölmörgu Lionsklúbbum og einstaka Lionsfélögum sem muna eftir þessu verkefni og hafa milligöngu um að útvega þessi hjálpargögn. Vil ég sérstaklega þakka Þórhildi Gunnarsdóttur, Lkl Eir, alþjóðasamskiptafulltrúa 109 A hennar framlag nú í vetur, svo og Jóni Bjarna Þorsteinssyni Lkl Mosfellsbæjar, alþjóðasamskiptafulltrúa úr 109 B hans ötula starf.

## Lionsklúbbur Búðardals

# Afmælisfagnaður í Dalabúð

Þann 6. desember sl. hélt Lionsklúbbur Búðardals veislu í tilefni af 40 ára afmæli sínu, en hann var stofnaður árið 1963. Fyrir tilstuðlan afmælisnefndar undir stjórn Sævars Hjaltasonar og handleiðslu Guðmundar Pálmasonar formanns, voru mættir af þessu tilefni 120 gestir í félagsheimilið Dalabúð í Búðardal. Þar á meðal voru fjölumdamisstjóri Hörður Sigurjónsson og Einar Þórðarson umdamisstjóri 109B, ásamt mökum, svo og svæðisstjóri svæðis 4, Gunnlaugur Árnason og frú og formenn og stjórnarmenn flestra nærliggjandi Lionsklúbba. Margt góðra gjafa og árnaðaróska bárust klúbbum

um af þessu tilefni. Hátíðarræðu kvöldsins flutti einn af stofnfélögnum, og fyrsti formaður klúbbsins, Friðjón Þórðarson, frv.ráðherra. Jóhann Sæmundsson, sem gekk í Lionsklúbbinn nokkrum mánuðum eftir stofnun hans, og hefur verið virkur félagi í tæp 40 ár, var gerður að Melvin Jones félagi. Jóhann er fyrstur meðlima klúbbsins til að hljóta þá tilnefningu og eru ítrekaðar hamingjuóskir til hans. Þeir nýir félagar gengu í klúbbinn á þessum tímamótum og eru félagar nú 21, auk 15 féлага í Reykhóladeild klúbbsins, en hún var stofnuð árið 1999. Þess má geta að Lionsklúbbur Búð-



Melvin Jones viðurkenning veitt Jóhanni Sæmundssyni.

ardals er fyrstur allra Lionsklúbba í heiminum til að stofna Lionsdeild. Í þakklætisskyni fyrir þann stuðning sem klúbbum hefur ávallt verið sýndur, færði hann Silfurtúni dvalarheimli aldraðra í Búðardal að gjöf sjúkralyftu, Heilsugæslustöðinni í Búðardal sùrefnismettunarmæli, Reykhóladeild klúbbsins peningagjöf til kaupa á heimabíói fyrir Barmahlið

dvalarheimili aldraðra að Reykhólum, Grunnskólanum í Búðardal bókaðgjöf og nýstofnuðu Sögufélagi Dalamanna peningagjöf. Lionsklúbbur Búðardals færir öllum þeim sem heidruðu hann með nærveru sinni, góðum gjöfum og óskum bestu þakki.

Stefán Jónsson, ritari  
Lkl.Búðardals.

Þykkvabæjar



# Ferðajöfnunarsjóður embættismanna Lions Happdrætti til styrktar ferðajöfnunarsjóði

Um miðjan janúar sl. fengu formenn allra klúbba bréf frá gjaldkerum umdæmanna þar sem happdrætti til styrktar ferðajöfnunarsjóði embættismanna Lions var kynnt.

Markmiðið með þessum sjóði er að styrkja þá embættismenn sem hafa ekki getað komist á þing vegna mikils kostnaðar. Þarna erum við að tala um fámennu klubbana, þessa klúbba sem sannarlega þurfa á því að halda að koma á þingin en hafa ekki haft tök á því vegna kostnaðar. Einnig að jafna ferðakostnað embættismanna á þing. Verið er að tala um ALLA sem gegna embættisstörfum innan hreyfingarinnar, hvort sem þau eru innan einstakra Lionsklúbba, nefnda, stjórna eða ráða. Að auki opnast möguleiki á að styrkja hinn almenna Lionsfélaga til ferðalaga en eins og við vitum er ferðakostaður oft sá

þröskuldur sem stöðvar fólk til þátttöku í Lionsstarfi, hvort sem það er innan klúbbs eða utan. Sjóðurinn getur því verið hvatning þeirra til starfa en auðvitað verða settar ákveðnar úthlutunarreglur.

Vinningar verða tveir; utanlandsferðir fyrir tvo, hvor að verðmæti 80.000 kr. og gefnir verða út 2.500 happdrættismiðar. Miðaverð er 1.000 kr. Einungis verður dregið úr seldum miðum og dráttur fer fram 29. maí á Sauðárkróki. Þetta er því happdrætti með góðum vinningslíkum, auk þess að verið er að styðja við gott málefni.

Í bréfinu segir svo „Vonast er til að allir Lionsklúbbar sýni samstöðu með því að taka þátt í þessu verkefni. Til að hægt sé að hefja undirbúning fjáröflunarinnar eru formenn beðnir um að láta umdæmisgaldkera vita simleiðis fyrir 1. febrúar n.k.“ Margir klúbbar höfðu sam-

band og lýstu ánægju sinni yfir framtakinu og hafa pantað miða.

Öllum Lionsfélögum er velkomið að taka þátt í happdrættinu af fúsum og frjálsum vilja. Með sameiginlegu átaki getum við styrkt og eftir hreyfinguna. Enn er hægt að hringja og láta vita af þátttöku.

Á þinginu í vor má gera ráð fyrir tillögum og umræðu um ferðasjóðinn sem er af hinu góða því hugmyndir um þetta mál hafa oft borið á góma. Ef til vill rætist draumur margra um ferðajöfnunarsjóð. Við teljum að þarna sé góð hugmynd á

ferðinni, hugmynd sem býður upp á stuðning við þá sem þurfa þess við innan hreyfingarinnar. Stöndum saman og skoðum þetta verkefni með opnum huga og leyfum hinum almenna Lionsfélaga að ákveða hvað hann vill gera. Það er til fólk sem lætur hlutina gerast, fólk sem sér hlutina gerast og fólk sem hefur ekki hugmynd um að nokkuð hafi gerst. Hvað með þig?

*Fjölumðæmisstjórn,  
Hörður Sigurjónsson,  
Þórunn Gestsdóttir og  
Einar Þórðarson.*

## Námskeið fyrir félaganefndir 25. febr. 2004

Námskeiðið verður haldið miðvikudaginn  
25. febr. 2004  
í Lionshúsinu Sóltúni 20 kl. 20-22.

### Efni:

Farið yfir helstu hlutverk félaganefnda og nýjungar í starfi nefndanna. Kynntar leiðir til félagafjölgunar og umhyggja fyrir félögum. Gefin ráð til að bæta innra starfs klúbba og auka fjölbreytni. Kynntir möguleikar á mismunandi félagsaðild. Á námskeiðinu er afhent Handbók fyrir félaganefndir.

### Kennarar:

Hrund Hjaltadóttir Fræðslustjóri og Margrét Jónsdóttir Félaganefndarstjóri.

Svæðisstjórum er bent á að þeir geta pantað námskeiðið á sitt svæði og valið stað og tíma í samráði við fræðslustjóra.

Ágætu félagar vinsamlegast skráið ykkur á námskeiðið 25. febr. hjá fræðslustjóra hrundh@itn.is eða á Lionsskrifstofunni lions@lions.is sími:561-3122

### 2004 hlutverk félaganefnda?

Til er íslensk handbók fyrir félaganefndir. Bókin er byggð á handbók sem alþjóðaskrifstofan gefur út fyrir félaganefndir og einnig á hliðstæðri norski bók.

Út frá handbókinni okkar, var búin til kennsluáætlun, ítarefni og glærur til að nota á samræmdum námskeiðum fyrir félaganefndir um allt land.

Lionsfélagar víða af landinu tóku virkan þátt í að undirbúa þessa kennsluáætlun, svo námskeiðin gætu höfðað til félaga á sem flestum stöðum á landinu.

Félaganefndum hefur á síðustu árum, verið gefið aukið vægi og fleiri hlutverk í klubbstarfinu. Nú er gert ráð fyrir að formaður félaganefndar sitji í stjórn Lionsklúbba.

Félaganefndir huga vel að innra starfi klúbbsins og að félögum liði vel í klúbbum og að þeir séu vel upplýstir um Lionshreyfinguna.

Félaganefndir vinna að féлагаöflum og fræða nýja féлага um Lionshreyfinguna og um klubbinn, sem þeir eru að ganga til liðs við.

## Minning:

# Jón Ólafur Ólafsson

F. 4. nóvember 1932  
D. 22. desember 2003

Jón Ólafur Ólafsson fæddist á Akureyri 4. nóvember 1932. Hann lést á Landspítalanum við Hringbraut 22. desember síðastliðinn og var útför hans gerð frá Keflavíkurkirkju 31. desember.



Jón Ólafur Ólafsson.

Jón Ólafur varð félagi í Lkl. Garður í október 1997.

Það var gaman að hafa svona féлага sem Jón var, alltaf reiðubúinn til að takast á við þau verkefni sem hann var beðinn um, nú síðast var hann að vinna að því að koma spjaldskrá klúbbsins í rétt horf. Jón var ritari klúbbsins starfsárin 2000 - 2001 og 2001 - 2002, held ég að óhætt sé að segja að hann hafi verið með skemmtilegri riturum klúbbsins, fundargerðirnar voru alltaf léttar og skemmtilegar og var það virki-

lega gaman að heyra Jón lesa þær. Undanfarin ár höfum við félagarnir haft fyrsta sunnudag í maí sem fjölskyldudag, eitt árið var ákveðið að fara í göngutúr um Garðinn. Jón var fenginn til að vera leiðsögu- maður þar sem hann var manna fróðastur um alla staðhætti, bæði þekkti hann hverja þúfu, hverja húsatóft og sagði frá atburðum liðinna tíðar á svo lifandi og skemmtilegan hátt að maður sá fyrir sér hvernig hlutirnir hafa verið í þá daga.

Við þökkum samfylgdina og sendum Guðrúnu Jónsdóttur eigin konu Jóns og fjölskyldunni innilegar samúdarkveðjur.

*F.h. félaganna í Lkl. Garði  
Pálmi Hannesson*

*Þegar hlutirnir ganga  
greiðlega fyrir sig ...*



Fyrirtæki sem geta treyst á faglega flutningsþjónustu njóta góðs af virðisaukandi áhrifum þess að allt gengur greiðlega fyrir sig. Eimskip hefur þekkingu, reynslu og úrræði til að laga þjónustu sína að þörfum íslenskra fyrirtækja og tryggja þeim greiða leið í flutningum um allan heim.